

Mættir: Stjórn: Tómas, Baldvin, Arngrímur, Sigurður, Edda (kl 10-10:30), Viggó (10:45). Starfsmenn: Björn og Arnheiður.

Dagskrá

1. Kynning nýrrar stjórnar

Sigurður Líndal boðinn velkominn í stjórn. Baldvin staðfestur áfram sem formaður.

2. Staða verkefna

ACW – undirbúningur fyrir opnun gengur vel. Viðburðir á vegum fyrirtækja og sveitarfélaga um allt svæðið. Formleg opnun við báða enda leiðarinnar. Mikil fjölmiðlaumfjöllun og fjórföldun heimsóknna á vefinn eftir tilnefningu Lonely Planet á Norðurstrandarleið sem einn af 10 bestu áfangastöðum Evrópu 2019.

Diamond Circle þróunarverkefnið farið af stað. Byrjað á opnum vinnufundi sem var mjög góður og vel sóttur.

Fyrsta flug Voigt Travel lendir á Akureyrarflugvelli nk mánudag. Þar verður morgunverðarboð fyrir sveitarstjórnarmenn og aðra sem standa að flugklasanum Air 66N.

3. Áfangastaðastofur

Farið yfir stöðuna varðandi þróun áfangastaða og umræða um hvernig MN fellur inn í þá mynd, framhald á umræðu á aðalfundi þar sem birt var tillaga að því hvernig verkefni og tengsl aðila kæmu fram. Samþykkt að unnið verði áfram að viðræðum við hagsmunaaðila varðandi þróun þessa.

4. Merkingar á ACW

Verið að samþykkja 50*60 cm brún skilti, fyrstu skiltin á Íslandi fyrir ferðamannaleið. Líklegt er að skiltin verði tilbúin fyrir opnun, kostnaður er áætlaður 10-11 mkr við framleiðslu skiltanna og uppsetningu sem Vegagerðin sér um. Stuðningur fékkst úr Sóknaráætlunum svæðanna fyrir þessu verkefni sem ætti að ná að dekkja kostnaðinn.

Stjórn samþykkir að farið verði áfram með þetta verkefni. Næsta lota gæti verið að merkja öll sveitarfélögin inn og út úr bænum og að setja upp upplýsingaskilti.

5. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir.